

04.6

Landsfundur Samtaka um kvennalista skorar á samtök launafólks í landinu að taka upp markvissa baráttu fyrir bættri stöðu kvenna í samfélaginu. Beinir fundurinn sérstaklega þeim tilmælum til fulltrúa á væntanlegu ASÍ-þingi að þeir taki þessi mál til sérstakrar umfjöllunar. Aðstæður kvenna verða ekki bætтар með því einu að hvetja konur til aukinnar menntunar, til virkari þátttöku í stéttarfélögum og til að gefa kost á sér í forystustörf. Því eru nefnilega takmörk sett sem ein kona getur á sig lagt.

Í stað þess að gera sífellt auknar kröfur til kvenna er löngu tímabært að gera kröfur til karla, jafnt í einkalífi sem á opinberum vettvangi um að þeir axli sinn hluta af þeirri ábyrgð og þeirri vinnu sem fylgir umönnun barna og heimilshaldi. Reynslan sýnir okkur að þó unnið sé að úrbótum á stöðu kvenna á vinnumarkaði og í stjórnkerfi, þá skilar það eitt sér mjög takmörkuðum árangri ef staða og ábyrgð kenna á heimilunum helst óbreytt. Við þær aðstæður er það eitt brýnasta hagsmunamál kvenna - og ekki síður barna - að tryggðar verði félagslega úrbætur s.s. dagvistun fyrir öll börn sem á þurfa að halda, lengra fæðingarorlof, sem nýtist jafnt konum sem körlum, samfelldur skóladagur barna og launað leyfi for-eldra frá vinnu vegna veikinda barna.

Það er mat landsfundarins að verkalyðshreyfingin verði nú að beita samtakamætti sínum í þágu þess hóps innan hennar sem verst er settur - þ.e. í þágu kvenna. Hún þarf að móta skýrar kröfur um félagslegar úrbætur og standa fast á þeim í komandi kjarasamningum.